um till. til þál. um verndun hrygningarsvæða við strendur landsins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa og leitað umsagnar Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans, og eru umsagnir þessara aðila prentaðar hér með sem fylgiskjöl. Það kemur fram í umsögnunum, að enn skortir mikið á, að framkvæmdar hafi verið þær rannsóknir, sem þyrftu að vera undanfari hvers konar framkvæmda, er miði að friðun hrygningarsvæða nytjafiskanna við landið.

Að athuguðu máli hefur nefndin orðið sammála um að mæla með því, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera hið fyrsta nauðsynlegar ráðstafanir til, að framkvæmdar verði rannsóknir á hrygningarsvæðum nytjafiska við landið.

Alþingi, 3. apríl 1962.

Benedikt Gröndal, form.	Davíð Ólafsson, fundaskr., frsm.	Gísli Jónsson.
Björn Pálsson.	Gísli Guðmundsson.	Geir Gunnarsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Fylgiskjal I.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 27. febr. 1962.

Vér höfum haft til athugunar till. til þál. á þskj. 61, um verndun hrygningarsvæða við strendur landsins, sem þér hafið óskað umsagnar vorrar um.

Um nokkur undanfarin ár hafa verið settar fram óskir um það af hálfu sjómanna og útvegsmanna, að gerðar yrðu ráðstafanir til friðunar hrygningarsvæða helztu nytjafiskanna og þá fyrst og fremst þorsksins.

Nýafstaðið fiskiþing hafði mál þetta til meðferðar og athugaði gaumgæfilega. Var samþykkt þar svo hljóðandi ályktun, sem vér leyfum oss að vísa til:

„Fiskiþingið ályktar, að rannsaka þurfi betur en orðið er nauðsyn þess að friða hrygningarstöðvar þorsksins umhverfis landið, og felur því fiskimálastjóra að halda þessu máli vakandi við fiskifræðinga og hlutast til um, að löggjöf verði sett um málið, ef ráðlegt þykir."

Virðingarfyllst,

Davíð Ólafsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Fylgiskjal II.

ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS · FISKIDEILD

Reykjavík, 30. jan. 1962.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis,
Alþingishúsinu, Reykjavík.

Fiskideildin hefur móttekið bréf allsherjarnefndar, dags. 5. des. s. l., ásamt tillögu til þingsályktunar um verndun hrygningarsvæða við strendur landsins.

Vitað er í stórum dráttum, að nokkurt samband virðist vera á milli fjölda þorska á hrygningarsvæðunum hér við land og styrkleika þess árgangs, sem þeir geta af sér hverju sinni. Það kemur þó margt annað til greina, sem miklu getur valdið um útkomu hrygningarinnar, svo sem veðurfar, straumar, hiti, selta o. fl.

Hér er um að ræða eina af erfiðustu spurningum fiskifræðinnar, sem engin þjóð hefur enn þá svarað til fullnustu, þótt rannsökuð hafi verið áratugum saman.

Mjög yfirgripsmiklar rannsóknir okkar undanfarin ár hafa leitt í ljós, að heildardánartalan í íslenzka þorskstofninum, sem kynþroska er orðinn, er um 60% á ári, og eru ⅘ hlutar þessarar tölu af völdum veiðanna, en ⅕ „eðlilegar" dánarorsakir.

Af þessu getum við dregið þá ályktun, að ekki veiðist á hrygningarsvæðunum meira en helmingur þess fisks, sem þangað kemur til þess að hrygna. Það virðist því vera svo, að helmingur stofnsins fái að hrygna í friði, auk þeirra, sem veiðast, en hafa þá lokið hrygningu.

Það virðist því vera allvel séð fyrir viðgangi stofnsins í venjulegu ári og tæplega ástæða til þess að minnka sóknina af þeim sökum.

Eins og að ofan er tekið fram, koma til greina ýmsar aðrar ástæður en fjöldi eggjanna, er miklu valda um útkomu klaksins. Óhentug veðurskilyrði geta tortímt eggjunum, sem velkjast í yfirborðinu, og þau geta einnig drepizt unnvörpum af fæðuskorti. Allt þetta og margt annað veldur því, að árgangarnir verða mjög missterkir, og er hlutfallið milli hins lélegasta og sterkasta í íslenzka þorskstofninum um það bil 1:50.

Þetta sýnir, að við verðum að athuga mjög vel okkar gang, áður en gripið er til jafnróttækra ráðstafana og að takmarka heildaraflann á þorskvertíð. Að áliti fiskideildarinnar er það ekki tímabært, en allt að einu er tillaga þessi mjög athyglisverð og sýnir vel hug manna í máli þessu.

Þekking okkar á þessu sviði nær enn þá skammt, og verður að stórauka rannsóknir allar í sambandi við hrygningu þorsks og annarra fiska hér við land. Standa vonir til, að það verði hægt með tilkomu hins nýja rannsóknarskips.

Virðingarfyllst,

Jón Jónsson,
forstjóri fiskideildar.